


Planið

Almennur hluti

Planið er skólanámskrá Grunnskóla Raufarhafnar,
grunnskóla- og leikskóladeildar.



Inngangur	4
1 Grunnupplýsingar.....	5
1.1 Um skólann.....	5
1.2 Skólahúsnaðið	5
1.3 Hlutverk skólans	5
1.4 Stefna skólans.....	7
1.5 Fagmennska kennara.....	7
1.6 Þróunarstarf og mat	8
2 Hagnýtar upplýsingar	10
2.1 Skólareglur.....	10
2.2 Veikindi og leyfi	10
2.3 Óveður.....	10
2.4 Mötuneyti og nesti	10
2.5 Frímínútur.....	11
2.6 Starfsdagar	11
2.7 Skólabókasafn og náttúrugripasafn.....	11
3 Nám og kennsla.....	13
3.1 Hlutverk umsjónarkennara.....	13
Námsmat	13
Upplýsingatækni í skólastarfi	14
Heimanám	14
Skóladagatal og skýringar.....	14
Íþróttir og sund.....	15
Samræmd próf	15
4 Þjónusta og stoðkerfi.....	15
4.1 Menningar- og fræðslunefnd Norðurlands	15
4.2 Skólaþjónustan	15
4.3 Námsráðgjöf	16
4.4 Nemendaverndarráð	17
4.5 Einelti.....	17
4.6 Heilsugæsla.....	17
4.7 Forvarnir	21
4.8 Heilsdagsskóli	21

5	Samskipti heimila og skóla	21
5.1	Skólaráð	21
5.2	Foreldrafélagið Velvakandi	22
5.3	Foreldrasamstarf	22
6	Félagsstörf og ferðalög.....	24
6.1	Hefðir og siðir	24
6.2	Nemenda- og ungmennaráð	25
6.3	Félagsmiðstöðin Blik.....	25

Inngangur

Skólanámskrá Grunnskóla Raufarhafnar er starfsáætlun beggja deilda skólans, grunnskóla- og leikskóladeildar. Hún er nánari útfærsla á *Aðalnámskrá grunnskóla* og *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011. Námskránni er skipt í tvo hluta, sem hvor um sig er svo skipt í nokkra undirkafla.

Í fyrri hlutanum er dregin fram sérstaða skólans, staðbundnar aðstæður og stefna hans. Henni er ætlað að lýsa meginmarkmiðum og fyrirkomulagi skólastarfsins. Síðari hlutinn er námsvísir sem veitir nánari upplýsingar um fyrirkomulag kennslu eftir bekk og fagi.

Samkvæmt sameiginlegum inngangskafli fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla í aðalnámskrá eru skilgreindir sex grunnþættir í íslenskri menntun. Þessir grunnþættir eru *læsi í viðtækum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Leitast hefur verið við að hafa þessa sex grunnþætti að leiðarljósi í starfi Grunnskóla Raufarhafnar.

Frida Elisabeth Jörgensen, skólastjóri

1 Grunnupplýsingar

1.1 Um skólann

Grunnskóli Raufarhafnar hefur verið samrekinn heildstæður leik- og grunnskóli frá haustinu 2009 þegar Grunnskóli Raufarhafnar og Leikskólinn Krílabær voru sameinaðir undir eina yfirstjórn. Snemma árs 2010 fluttist svo leikskólinn inn í húsnæði grunnskólans við Skólabraut og að því tilefni var byggt við skólann við austurenda hans. Grunnskólinn hefur staðið í þessu húsnæði frá 3. nóvember 1964. Í húsnæðinu eru *Félagsmiðstöðin Blik* og *Tónlistarskóli Húsavíkur* einnig með aðstöðu. Við skólann stendur svo íþróttamiðstöð staðarins þar sem er fjölnota íþróttasalur og innisundlaug.

Ágrip af sögu skólans má finna á heimasíðunni undir [Skólinn > Saga skólans](#). Sömuleiðis má þar finna skólastjóratál undir [Skólinn > Saga skólans > Skólastjóratál](#).

1.2 Skólahúsnæðið

Skólinn er á tveimur hæðum, auk kjallara undir austurenda hússins. Í kjallaranum er skólamötuneytið og heimilisfræðiaðstaða, þvottaherbergi, lítil snyrting og geymsla. Á neðri hæð hússins er leikskólinn *Krílabær* og heimastofur yngri nemenda grunnskólans. Þar er einnig að finna aðstöða tónlistarskólans, samverukrök, taflborð, fatahengi og salerni nemenda. Á efri hæð hússins eru heimastofur eldri nemenda, listgreinastofan, samverukrökur, taflborð, borðtennisborð, félagsmiðstöðin Blik og kennaraálma sem skiptist í kaffistofu, skrifstofu skólastjóra, ræstikompu, salerni starfsfólks, bókakompu, fatahengi og vinnuherbergi kennara. Í kjallara íþróttahússins er smíðastofa skólans og þar er einnig leirbrennsluofn.

1.3 Hlutverk skólans

Grunnskóli Raufarhafnar starfar eftir lögum um leik- og grunnskóla.

„Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning

þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.“

Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. grein

„Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun,
- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.“

Lög um leikskóla nr. 90/2008, 2. grein

Námskrá Grunnskóla Raufarhafnar er unnin út frá [Aðalnámskrá grunnskóla](#) og [Aðalnámskrá leikskóla](#) frá 2011. Meginhlutverk Grunnskóla Raufarhafnar er að stuðla að almennri menntun nemenda.

Skólinn leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Skólastarfið miðar að virkri þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan. Nánar má lesa um hlutverk skóla í sameiginlegum kafla aðalnámskrár leik- og grunnskóla frá 2011.

1.4 Stefna skólans

Höfuðmarkmið skólans er að stuðla að menntun og þroska hvers og eins. Það gerum við með því að skapa gott og uppbyggjandi lærdómssamfélag þar sem þörfum hvers og eins er mætt. Nemendum skulu veitt tækifæri til að afla sér menntunar og þroska og temja sér vinnubrögð sem stuðla að skrefum í þá átt. Þjálfar þarf hæfni hvers og eins til samstarfs við aðra og leggja þarf grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda. Mikilvægt er að undirbúa nemendur vel undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi þar sem virða á réttindi allra.

Einkunnarorð skólans voru unnin af nemendum og starfsfólki um það leiti sem skólinn hóf innleiðingu á Uppbyggingarstefnunni. Þau eru *Virðing – Gleði – Ábyrgð – Sveigjanleiki*.

Virðing

Við leggjum áherslu á að nemendur og starfsfólk skólans beri virðingu fyrir sér og öðrum, sem og húsnæði og eigum skólans.

Gleði

Við trúum að gleði og jákvætt hugarfar geti skipt sköpum þegar kemur að því að takast á við verkefni og aðstæður. Gleði hefur jákvæð áhrif á okkur og fólkið í kringum okkur.

Ábyrgð

Það er mikilvægt að hver og einn taki ábyrgð á sinni hegðun til að skapa gott skólasamfélag. Hver og einn ber einnig ábyrgð á sínu námi og á því að vera með rétt gögn í skólanum.

Sveigjanleiki

Nemendur læra að vinna verkefni með öðrum, óháð kyni eða aldri, og laga sig að þeim aðstæðum sem samkensla býður upp á. Starfsfólk einsetur sér jafnframt sveigjanleika í sínu starfi til þess að mæta betur þörfum hvers og eins.

1.5 Fagmennska kennara

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi og því skiptir fagmennska þeirra miklu máli. Aðalsmerki hvers kennara er að hafa nemandann í brennidepli. Það er kennara að skipuleggja skólastarfið þannig

að þeir geti komið til móts við þarfir allra nemenda sína, skiptir þá engu máli hvort nemendur eru ólíkir að námsgetu og þroska, áhugasamir eða áhugalitlir.

Kennarar í Grunnskóla Raufarhafnar starfa eftir [siðareglum kennara](#), sem hafa það að markmiði að efla fagmennsku og fagvitund þeirra.

1.6 Próunarstarf og mat

Byrjendalæsi

Veturinn 2010-2011 hóf skólinn þátttöku í tveggja ára verkefni um byrjendalæsi og hefur kennsla á yngsta stigi einkenst af hugmyndafræði þess síðan þá. Markmið byrjendalæsis er að auka almenna lestrarfærni nemenda á fyrstu árum grunnskólagöngu sinnar. Unnið er heildstætt með alla þætti íslenskunnar; tal, hlustun, lestur og ritun út frá gæðatexta. Jafnframt er lögð áhersla á að verkefni og kennsluhætti séu fjölbreyttir og að nemendur þjálfist í öguðum vinnubrögðum. Leitast er við að efla sjálfstæði nemenda og hæfni þeirra til samvinnu. Nemendur vinna bæði sjálfstætt, í pörum og í hópum. Lögð er áhersla á að nemendur læri út frá merkingarbærum textum, þ.e. unnið verður með gæðatexta sem höfða til barna. Í Byrjendalæsi eru náttúrufræði og samfélagsfræði fléttað inn í verkefnin sem nemendur leysa.

Grænfáninn

Grunnskóli Raufarhafnar fékk Grænfánann afhentan í fyrsta skiptið þann 1. júní 2011 eftir að hafa stigið skrefin sjö sem skóli á grænni grein. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu í umhverfisstefnu í skólum. Skrefin sjö eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Þau auka þekkingu nemenda og skólafólks og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum skóla.

Meðal fastra verkefna sem allir nemendur skólans taka þátt í er að setja niður kartöflur á vorin og taka þær upp að hausti, endurnýta pappír og önnur efni eins og hægt er, flokka fernur og útikennsla. Í vetur verður gerð tilraun til að jarðgera ávaxtaúrgang. Gangi það vel stefnum við að því að jarðgera alla matarafgangi sem falla til í skólanum veturinn 2015-2016.

Marimba kennsla

Grunnskóli Raufarhafnar og Tónlistarskóli Húsavíkur hófu formlegt samstarf veturinn 2011-2012 þegar tónlistarskólinn tók í sínar hendur tónmenntakennslu í skólanum. Keyptar voru svokallaðar marimbur til að hafa í skólanum, en það eru afrísk ásláttarhljóðfæri, og nemendur læra á. Reynsla af

marimbakennslu í öðrum skólum hefur sýnt að hún skilar miklum árangri sem alhliða tónlistarnám, til undirbúnings og til stuðnings öðru tónlistarnámi. Afríkutónlistin er einnig gríðarlega góð alhliða þjálfun í samhæfingu hreyfinga og huga sem gagnast nemendum á mjög svo ólíku þroskastigi innan sama hóps. Marimba kennslan hentar því einstaklega vel til kennslu í hópi þar sem taka þarf tillit til mismunandi forsenda nemenda. Í ár munu nemendur fá kennslu í Öxarfjarðarskóla en geta æft sig á marimburnar í skólanum sínum.

Skólabúðir á Raufarhöfn

Vorið 2011 gerðu Grunnskóli Raufarhafnar og Borgarhólsskóli á Húsavík tilraun með að senda 6. bekk frá Húsavík til Raufarhafnar í tvo daga í stað þess að senda börnin í skólabúðir utan sveitarfélagsins. Þetta tókst frábærlega og var strax í kjölfarið ákveðið að halda þessu samstarfi áfram. Samstarfið gengur vel, nemendur hafa verið ánægðir að koma hingað og verður þessu verkefni haldið áfram.

Uppbyggingarstefnan

Skólaárið 2006-2007 hófu skólastjórar á þjónustusvæði skólaþjónustu Norðurþings að leita eftir vænlegri uppeldisstefnu fyrir skólana sína. Í kjölfar þeirrar vinnu fór skólaþjónustan að bjóða kennurum á námskeið í *Uppbyggingarstefnunni* frá haustinu 2008. Allir kennarar Grunnskóla Raufarhafnar hafa farið á slík námskeið og skólinn vinnur eftir stefnunni við úrlausnir mála.

Nánar má lesa um *Uppbyggingarstefnuna* á [heimasíðu skólans](#).

Mat á skólastarfi

Verður komið inn eftir nóvember 2014

2 Hagnýtar upplýsingar

2.1 Skólareglur

Grunnskóli Raufarhafnar starfar í anda uppbyggingarstefnunnar. Við setjum okkur einfaldar og auðskiljanlegar reglur sem eru auðveldar í framkvæmd. Þegar allir virða reglurnar gengur starfið vel, okkur líður betur og náum besta árangri í starfi og leik. Skólareglur og hvernig tekið er á broti á þeim má lesa um í [Leiðarvísi í samskiptum](#).

2.2 Veikindi og leyfi

Óskað er eftir því að foreldrar tilkynni veikindi til skólans fyrir klukkan 8:10 á morgnana, annað hvort með símtali í síma 464 9870 eða með tölvupósti til umsjónarkennara eða skólastjóra. Veikindi þarf að tilkynna daglega á meðan þau vara. Óviðeigandi er að nemendur sem tilkynntir eru veikir að morgni séu úti að kvöldi.

Þegar nemendur þurfa leyfi í einn dag eða skemur skulu foreldrar hafa samband við umsjónarkennara. Sé um að ræða lengri tíma skal snúa sér til skólastjóra. Við biðjum foreldra um að sækja tímalega um leyfi fyrir nemendur.

2.3 Óveður

Meti skólastjóri það svo að fella verði niður kennslu sökum veðurs verður það tilkynnt til foreldra þann morgun með símtali fyrir kl. 7:45. Hins vegar getur það oft verið álitamál hvenær það telst nemendum ofviða að sækja skóla. Sé skóla á annað borð ekki aflýst verður mat foreldra að ráða því hvort og þá hvenær börnin komi í skólann. Slíkt verður þó auðvitað að tilkynna til skólans. *Munið að nemendur eru á ábyrgð foreldra í og úr skóla.*

2.4 Mötuneyti og nesti

Góð og holl næring er undirstaða þess að nemendur nái árangri í námi og þeim líði vel auk þess sem góðar matarvenjur eru undirstaðan að heilbrigði og velferð í lífinu. Við leggjum áherslu á að nemendur séu búnir að borða hollan morgunmat áður en þeir koma í skólann.

Mötuneyti

Mötuneyti hefur verið starfrækt við skólann síðan snemma árs 2009 og þjónar bæði leik- og grunnskólanum. Grunnskólanemendum er boðið upp á máltíðir fjóra daga vikunnar, frá mánudegi til fimmtudags, en nemendum leikskólans fá mat alla daga vikunnar. Á föstudögum eiga nemendur grunnskólans að koma með sinn eigin hádegismat. Nemendur hafa aðgang að samlokugrillum og örbylgjuofni alla daga.

Í mötuneyti skólans er þess kappkostað að bjóða nemendur upp á hollan og næringarríkan mat. Eftir hverja máltíð er boðið upp á ávöxt. Við hvetjum foreldra til að fylgjast með matseðli skólans og samræma hann við heimiliskvöldmatinn svo fæða nemenda verði ekki of einhæf. Matseðil skólans og aðrar upplýsingar um mötuneytið má finna á heimasíðu skólans undir [Skólinn>Skólamötuneyti](#).

Nesti

Nemendur ættu allir að hafa með sér nesti til að borða í nestistíma, holla samloku með álegg eða ávöxt. Í nestistíma er nemendum boðið upp á vatn og mjólk að drekka. Drykkir úr fernum eru bannaðir alla daga nema föstudaga. Við hvetjum foreldra til að senda nemendur sína með fjölbreytt nesti. Hugmyndir um holla og góða nestisþakka má finna víða á netinu, t.d. á [doktor.is](#).

2.5 Frímínútur

Útivist er mjög mikilvæg fyrir alla og þá sérstaklega fyrir börn sem eru að vaxa og þroskast. Þess vegna leggjum við áherslu á að allir nemendur skólans fari út í frímínútur að lágmarki einu sinni á dag. Yngri nemendur skólans eiga að fara út í öllum frímínútum nema veðrið er þeim mun verra.

Í frímínútum eiga nemendur ekki að fara út fyrir skólalóðina, nema að sérstakt leyfi hafi fengist frá starfsmanna skóla til annars. Fari nemandi út af skólalóð á skólatíma er hann á eigin ábyrgð.

2.6 Starfsdagar

Starfsdagar kennara grunnskólans eru fimm á skólatíma. Þá má sjá á skóladagatali skólans en auk þess er minnt á þá á heimasíðu skólans og með tölvupósti til foreldra þegar nær dregur.

2.7 Skólabókasafn og náttúrugripasafn

Bókakostur skólans er í bókahillum á gangi á neðri hæð og efri hæð og í geymslu á efri hæð. Einnig eru töluvert af bókum í heimastofu hvers bekkjar. Nemendum er frjálst að fá lánaðar bækur úr skólanum, en þurfa þó að láta starfsmann, t.d. umsjónarkennara, vita.

Náttúrugripasafn er staðsett á gangi neðri hæðar skólans og á safnið töluvert af gripum sem einstaklingar hafa gefið. Gripirnir eru notaðir í kennslu en þeir eru líka ætlaðir til að vekja áhuga nemenda á náttúrunni í kringum okkur. Fleiri gripir eru að sjálfsögðu vel þegnir í safnið.

3 Nám og kennsla

3.1 Hlutverk umsjónarkennara

Umsjónarkennari kynnir nemendum sínum skólareglurnar og fylgist með umgengni nemenda sinna við skólann. Hann fylgist með skólasókn og námi þeirra og hefur samband við heimili þegar ástæða þykir. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara á skólatíma eða koma skilaboðum til hans þegar ástæða þykir. Þegar nemandi þarf leyfi í einn dag eða skemur getur umsjónarkennari veitt slíkt leyfi. Liggi nemendum eða foreldrum eitthvað á hjarta eru þeir vinsamlegast beðnir um að hafa samband við umsjónarkennara, helst á viðtalstíma hans.

Námsmat

Í [Aðalnámskrá grunnskóla](#) segir m.a. um námsmat:

Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu námsins. (bls. 52)

Í Grunnskóla Raufarhafnar er tveggja anna kerfi. Fyrri önninni lýkur um miðjan janúar en þeirri síðari í byrjun júní. Í lok hvorrar annar eru foreldrar/forráðamenn og nemendur boðaðir á fund umsjónarkennara þar sem farið er yfir námsárangur, líðan, skólasókn og annað sem viðkemur nemanda.

Í Grunnskóla Raufarhafnar leggjum við áherslu á sívirkt mat á skólastarfi. Megintilgangurinn með matinu er að örva námsáhuga og bæta líðan, aðstoða nemendur við námið og hvetja þá til sjálfsmats. Matið byggist upp á eftirfarandi hátt:

Viðtöl nemanda, foreldra og umsjónarkennara í október þar sem farið er yfir stöðu nemandans námslega og félagslega, nýjungar og breytingar í skólastarfi kynntar og farið yfir skóladagatal og ýmis hagnýt atriði.

Símat þar sem fylgst er með líðan, samskiptum, heimanámi og námsframvindu.

Foreldraviðtöl/annarlokadagur þar sem nemandi, kennari og foreldri(-ar) meta skólastarfið saman eru í nóvember og febrúar.

Kannanir, verkefnabækur, verkefni o.fl. þar sem kennari eða nemandi og kennari, fara yfir og leggja mat á frammistöðu.

Stærri próf og kannanir.

Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk í september, íslenska og stærðfræði í öllum bekkjum og enska að auki í 10. bekk

Upplýsingatækni í skólastarfi

Grunnskóli Raufarhafnar er vel tækjum búinn. Nemendur hafa til umráða tíu nýlegar fartölvur. Allir nemendur fá eina kennslustund í upplýsingatækni í hverri viku, en þar fyrir utan reyna kennarar eftir bestu getu að flétta upplýsingatækni inn í aðrar námsgreinar.

Heimanám

Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á það að foreldrar fylgist með námsframvindu barna sinna. Heimanám nemenda gefur foreldrum tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna og styðja við bakið á þeim. Mikilvægt er að heimanámi sé sinnt jafnt og þétt yfir vikuna og að því sé ávallt skilað á réttum tíma.

Skóladagatal og skýringar

Skóladagar nemenda ár hvert eru 180. Þar af eru 170 kennsludagar en 10 svokallaðir nemendadagar. Nemendadagar eru óhefðbundnir dagar og geta verið styttri en venjulegur dagur. Í skóladagatalinu okkar er hefð fyrir því að stundum komi nemendadagur strax á eftir kennsludegi og því geti einn dagur talist sem tveir skóladagar. Starfsdagar kennara á skólatíma eru fimm talsins.

Leikskólinn starfar eftir sama skóladagatali og grunnskólinn með nokkrum undantekningum sem teknar eru fram í skóladagatalinu.

Skóladagatal skólans má sjá á heimasíðu skólans undir [Skólinn>Skólastarfið>Skóladagatal](#).

Íþróttir og sund

Við leggjum áherslu á að nemendur okkar temji sér holla lífshætti og mikla hreyfingu og leggi þar með grunninn að heilbrigðu líferni. Nemendur fara tvisvar sinnum í viku í íþróttir og einu sinni í viku í sund. Á haust- og vordögum eru íþróttatímar utanhúss.

Í íþróttatímum er ætlast til þess að nemendur séu með íþróttaföt og skó. Einnig eiga allir að koma með handklæði.

Í sundtímum eru drengir beðnir um að forðast stórar og þungar stuttbuxur sem ekki eru ætlaðar til sands og stúlkur að forðast strandbikiní.

Samræmd próf

Nemendur í 4., 7. og 10. bekk þreyta samræmd próf að hausti, en dagsetningar prófanna eru ákveðnar af Menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum frá Námsmatsstofnun. Nemendur í 4. og 7. bekk þreyta próf í íslensku og stærðfræði en í 10. bekk bætist enska við. Nánari upplýsingar um prófin má finna á heimasíðu [Námsmatsstofnunar](#).

4 Þjónusta og stoðkerfi

4.1 Menningar- og fræðslunefnd Norðurþings

Menningar- og fræðslunefnd Norðurþings er sex manna pólitískt skipuð nefnd sem er til faglegrar ráðgjafar um skólastarfið. Þegar fjallað er um málefni skólans í nefndinni eru skólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi foreldra jafnan boðuð á fundina.

4.2 Skólaþjónustan

Hlutverk skólaþjónustunnar er að veita ráðgjöf samkvæmt ákvæðum í lögum um leik- og grunnskóla. Megin viðfangsefni þjónustunnar er að styrkja starfsmenn þeirra með því að veita ráðgjöf um skólaþróun, skólanámskráargerð, mat á skólastarfi og kennslufræðilega ráðgjöf vegna almennrar kennslu og kennslu einstakra námsgreina.

Hlutverk skólaþjónustunnar er m.a. að veita greiningar og ráðgjöf varðandi:

- mál og talörðugleika
- almennra námsörðugleika
- lestrar- og stærðfræðiörðugleika
- félags- og tilfinningalegra örðuleika
- skólagöngu fatlaðra
- vanda sem tengist einstökum nemendum eða bekkjardeildum
- samstarfsverkefni á sviði skólapróunar

4.3 Námsráðgjöf

Hlutverk námsráðgjafa er að vinna með nemendum, forráðamönnum, kennurum og öðrum sérfræðingum innan og utan skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Námsráðgjafi veitir m.a. ráðgjöf til kennara, foreldra og nemenda varðandi samskipt og einelti.

Verksvið námsráðgjafa er m.a. eftirfarandi:

Ráðgjöf um vinnubrögð og námsaðferðir (námstækni)

- Leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlanagerð
- Leiðsögn og fræðsla um námsaðferðir og lestraraðferðir
- Leiðsögn og fræðsla um próftækni og prófkvíða
- Leiðsögn og fræðsla um lífsstíl og venjur sem gætu aukið árangur í námi
- Leiðsögn og fræðsla fyrir nemendur með námserfiðleika, hjálpa þeim að finna leiðir í námi sem henta hverjum og einum.

Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

- Stuðningur og ráðgjöf vegna persónulegra erfiðleika
- Sjálfsstyrking; fræðsla um verkefni um sjálfsmýndina (einstaklings- eða hópavinna)
- Leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun
- Stuðningur við nemendur með sérþarfir
- Tilvísun og samstarf við skólasálfræðinga og/aðra sérfræðinga

Ráðgjöf við náms- og starfsval

- Áhugagreining
- Könnun og greining á áhugasviði nemenda, fer ýmist fram með viðtölum eða með notkun kannana s.s. Bendli (rafræn áhugakönnun)
- Aðstoða nemendur við að greina styrkleika og veikleika sína með tilliti til náms og starfa

4.4 Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt [40. grein í lögum um grunnskóla](#). Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu sem og að vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráði er ætlað að fjalla um mál einstakra nemenda sem hafa verið lögð fyrir ráðið. Umsjónarkennarar vísa málunum skriflega til ráðsins til að leita eftir stuðningi, samvinnu eða ráðgjöf vegna vanda nemenda sinna.

Í nemendaverndarráði sitja námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, sérkennari og skólastjóri.

4.5 Einelti

Einelti er ekki liðið í Grunnskóla Raufarhafnar. Á sérstökum degi gegn einelti þann 8. nóvember 2011 skrifuðu allir nemendur skólans undir þjóðarsáttmála gegn einelti sem hljóðar svo.

„Við undirrituð skuldbindum okkur til þess að vinna af alefli og einurð gegn einelti í samfélagi okkar. Við munum standa vörð um rétt fólks til þess að lifa í sátt og samlyndi við umhverfi sitt. Við munum sérstaklega gæta réttar barna og ungmenna sem og einnig allra hópa sem ekki eiga sér málsvara eða sterka rödd. Við munum öll hvert á okkar sviði, skuldbinda okkur til þess að hafa áhrif til góðs á nánasta umhverfi okkar. Við ætlum að vera góð fyrirmynd og leggja okkar af mörkum til þess að vinna bug á því samfélagslega böli sem einelti er.“

Sé einhver lagður í einelti eða ef einhvern grunar að einhver annar sé lagður í einelti skal láta umsjónarkennara eða skólastjóra vita. Þeir setja málið í viðeigandi farveg og vinna að lausn málsins.

4.6 Heilsugæsla

Skólaheilsugæslan er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið hennar er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Skólahjúkrunarfræðingur er ekki meðferðaraðili en hefur þekkingu til að veita stuðning, ráðgjöf og eftirfylgd á heilsugæslustöðinni sé þess óskað. Starfsfólk skólaheilsugæslunnar vinnur í náninni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Þannig er stuðlað að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu líkamlegu og andlegu skilyrði. Starfsemi skólaheilsugæslunnar er skv. lögum, reglugerðum og

tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast skoðanir, bóluþættingar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskylda þeirra og starfsfólks skólans. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Lyfjaumsjón

Börn skulu ekki hafa lyf undir höndum í skólanum nema í undantekningartilfellum og þá í samráði við kennara og skólahjúkrunarfræðing. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið ofnæmissprautur, insúlingjafir og ofvirknilyf.

Slys og veikindi

Mikilvægt er að skólaheilsugæslan viti af börnum sem eru með langvinna og/eða alvarlegan sjúkdóm s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma. Ef óhapp eða slys verða á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Ef nemandi þarf að fara á heilsugæslustöð er reynt að ná í foreldra/forráðamenn sem geta þá fylgt barninu, en ef um mjög alvarleg veikindi eða slys er að ræða og barn þarf að fara strax á heilsugæslustöð, þá fylgir starfsmaður skólans barninu, ef þarf.

Mjög mikilvægt er því að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra/forráðamenn barnsins.

Tannvernd

Skólinn býður öllum nemendum skólans upp á flúorskol ½ mánaðarlega og þurfa foreldrar að láta vita ef barn á ekki að fá flúorskolun. Skólahjúkrunarfræðingur getur falið starfsmanni/skólaliða að sjá um skolun.

Lús

Ef upp kemur lús í skólanum er send tilkynning um það heim ásamt leiðbeiningum um meðferð. Kembing og meðferð er á ábyrgð foreldra og mikilvægt að foreldrar skoði hár barna sinna reglulega. Einnig er nauðsynlegt að láta skólahjúkrunarfræðing eða kennara vita ef barn fær lús þ.s. atvikin eru tilkynningarskylt til Landlæknis. Barn sem fær lús getur mætt í skóla um leið og varúðarráðstafanir eru hafnar og fyrstu meðferð með lúsadreppandi lyfi er lokið. Það þarf því ekki að missa úr skóla.

Svefn barna

Til að börnum líði vel og séu hæf til að takast á við verkefni dagsins þurfa þau nægan svefn, en svefnþörf skólabarna er 8-10 klst. á sólahring.

Líðan barna

Til að njóta sín í námi verður barninu að líða vel í skólanum. Skólaheilsugæslan hvetur foreldra til að vera vakandi yfir líðan barna sinna og spyrja þau reglulega um líðan sína. Einnig að hafa það hugfast að hrós og hvatning styrkja jákvæða hegðun og auka vellíðan. Foreldrar geta ávallt leitað ráðgjafar hjá skólaheilsugæslunni varðandi andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

Fræðsla

Heilbrigðisfræðsla er einn af mikilvægustu þáttum í heilsuvernd grunnskólabarna. Markmið fræðslunnar er að auka þekkingu nemenda á heilsu og þáttum sem hafa áhrif á hana. Heilbrigðisfræðslan getur þannig haft jákvæð áhrif á viðhorf og stuðlað að heilbrigðum lífsstíl. 6H- heilsunnar er samstarfsverkefni Miðstöðvar heilsuverndar barna, Lýðheilsustöðvar, Landlæknis o.fl. Markmið verkefnisins er að útbúa kennslugögn fyrir starfsfólk skólaheilsugæslunnar til að nota við heilbrigðisfræðslu og þannig stuðla að aukinni og samræmdri heilbrigðisfræðslu í grunnskólum landsins. Sú hugmynd sem höfð er að leiðarljósi er að börnin læri í gegnum athafnir og því fylgja oft sérstök verkefni með hverri fræðslu. Lögð er áhersla á það jákvæða frekar en vera með hræðsluáróður. Sjá nánar á netinu [heimasíðu verkefnisins](#).

Grunnskipting á fræðslu milli árganga er eftirfarandi, þó hafa beri í huga að hún getur verið nokkuð breytileg hjá okkur þar sem um samkenndu er að ræða:

1. bekkur

Hollusta, hreinlæti (tannheilsa og handþvottur), hreyfing/hjálmafræðsla.

2. bekkur

Hvíld og hamingja.

3. bekkur

Hollusta og hreyfing.

4. bekkur

Slysavarnir, hreinlæti(tannheilsa), hamingja, sjálfsmynd.

5. bekkur

Hreyfing, hollusta, hamingja og samskipti.

6. bekkur

Kynþroskinn.

7. bekkur

Hugrekki, hreinlæti (tannheilsa).

8. bekkur

Hollusta og hreyfing, hugrekki

9. bekkur

Kynfræðsla.

10. bekkur

Viðtal. Kynning á heilsugæslunni.

Skólaskoðanir

Öll grunnskólabörn fá læknisskoðun og viðtal við lækni og hjúkrunarfræðing einu sinni á vetri og er þá einnig mæld hæð, þyngd og sjón ásamt eftirtöldum atriðum:

1. bekkur

Eyrnaþrýstimæling, þrívíddarsjónpróf og heyrnarmæling ef hún hefur ekki verið gerð í 4 ára skoðun.

7. bekkur

Ónæmissprautur gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta). Gegn leghálskrabbameini (eingöngu stúlkur) sem þarf að endurtaka tvisvar (þrjár sprautur á sex mánuðum).

Ath! Ónæmissprauta gegn leghálskrabbameini er fyrst gefin í 7. bekk árið 2011 (árgangi 1999) og þá eru stúlkur fæddar 1998 einnig bólusettar.

9. bekkur

Ónæmissprauta gegn mænuveiki, barnaveiki, stífkampa og kíghósta (ein sprauta)

10. bekkur

Blóðþrýstingur, púls, litaskyn og heyrnamæling.

Læknir og hjúkrunarfræðingur sjá um skoðanirnar og fara þær fram á heilsugæslustöðinni. Börn eru boðuð með fyrirvara í skoðanir og upplýsingum um skoðunardag er komið til foreldra í gegnum skólavef eða í tölvupósti.

Ónæmiskort nemenda eru nú tölvufærð og hægt er að fá útprentun á þeim eða fá bólusetningar færðar inn í gömlu kortin þegar hver vill. Upplýsingar um ónæmisaðgerðir barna er að finna á vef [landlæknisembættisins](#).

Ef eitthvað athugasemdir kemur fram við skólaskoðun sem þarfnast nánari athugunar eða eftirylgdar verður haft samband við foreldra.

4.7 Forvarnir

Í lífsleikni í öllum árgöngum er farið í efni sem tengist forvörnum á einhvern hátt. Markmiðið er að efla sjálfsvitund og sjálfstraust nemenda svo að þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið gegn neikvæðum félagslegum þrýstingi.

4.8 Heilsdagsskóli

Veturinn 2010-2011 var yngri nemendum grunnskólans í fyrsta skiptið boðið upp á lengda viðveru. Þá fóru nemendur inn á leikskólann þegar skólatíma lauk. Mæltist þetta framtak vel fyrir og voru nokkrir foreldrar sem nýttu sér þetta úrræði fyrir börnin sín. Veturinn eftir var hins vegar ekki eftirspurn eftir þessari lausn og því enginn heilsdagsskóli starfsræktur. Óski foreldrar eftir þessari þjónustu er þeim bent á að hafa samband við skólastjóra.

5 Samskipti heimila og skóla

5.1 Skólaráð

Foreldraráð leikskólans og skólaráð grunnskólans starfa saman í einu ráði, sbr. heimild þess efnis í [28. grein í lögum um leikskóla](#) og [45. grein í lögum um grunnskóla](#). Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Jafnframt fjallar það um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir fyrir skólastarfið. Sótt hefur verið um undanþágu vegna fámennis í skólanum. Starfrækt verður skólaráð en í stað sjö fulltrúa munu vera 5 fulltrúar.

[Hér má lesa reglugerð um skólaráð.](#)

Upplýsingar um hverjir sitja í skólaráði má finna á heimasíðu skólans undir [Skólinn > Skólaráð](#).

5.2 Foreldrafélagið Velvakandi

Ein af grunnforsendum farsæls skólastarfs er gott samstarf á milli heimila og skóla. Nauðsynlegt er að gagnkvæm virðing og traust ríki þar á milli. Við Grunnskóla Raufarhafnar starfar öflugt foreldrafélag sem hefur í fjölmörg ár stutt vel við skólann með ýmsu móti. Upplýsingar um hverjir sitja í stjórn félagsins má finna á heimasíðu skólans undir [Foreldrar > Velvakandi](#).

Lög foreldrafélagsins

1. grein: Félagið heitir „Velvakandi“.
2. grein: Tilgangur félagsins er að efla og viðhalda samstarfi skólans og heimilanna, hagsmunagæslu vegna foreldra/nemenda og eftirlit og aðhald með skólastarfinu.
3. grein: Aðild að félaginu eiga foreldrar barna í Grunnskóla Raufarhafnar.
4. grein: Almennir fundir skulu haldnir í félaginu annan hvern mánuð, fyrsti fundur starfsársins í september og sá síðasti í maí.
5. grein: Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert, þá skal kosin ný þriggja manna stjórn, formaður, ritari og gjaldkeri. Varamaður skal vera einn stjórnarmanna frá fyrra ári.
6. grein: Kosið skal í foreldraráð á aðalfundi. Tveir fulltrúar annað hvert ár og einn fulltrúi hitt árið. Heildarstarfstími hvers fulltrúa verði því tvö ár.
7. grein: Nemendasjóður grunnskólabarna er í umsjón stjórnar Velvakanda. Um sjóðinn gilda sérstaka reglur.

5.3 Foreldrasamstarf

Markmið skólans er að efla samvinnu starfsmanna skólans og foreldra til þess að stuðla að alhliða þroska og vellíðan nemenda og gagnkvæman skilning beggja aðila. Stefnt er að því að foreldrar verði sem best meðvitaðir um það sem er að gerast í skólanum, t.d. með því að halda úti öflugri heimasíðu. Kennarar og foreldrar hafa gjarnan samstarf um ýmsa þætti skólastarfsins, s.s. Dillidaga.

Umsjónarkennari hvers bekkjar boðar foreldra/forráðamenn til sín á námsefniskynningu að hausti. Þar er farið yfir námsefni, námsmat og áherslur vetrarins. Þá gefst einnig tækifæri til að ræða það sem er á döfinni í skólanum og annað það sem fólki liggur á hjarta. Foreldraviðtöl eru í lok hvorrar annar.

Á námsefniskynningunni eru valdir tveir foreldrar til að sinna hlutverki Dillidagsfulltrúa. Þeir eru tengiliðir foreldra við kennara og sjá um að skipuleggja, í samráði við umsjónarkennara, tvo viðburði á ári, svokallaða Dillidaga. Á Dillidögum gera nemendur, foreldrar og umsjónarkennari eitthvað skemmtilegt saman til að styrkja hópinn, efla tengsl heimilis og skóla og gefa foreldrum innsýn í skólastarfið. Dillidagur getur verið á virkum degi eftir skóla eða um helgi og telst sem einn skóladagur. Dillidagsmánuðirnir eru október og febrúar.

6 Félagsstörf og ferðalög

6.1 Hefðir og siðir

1. desember hátíðin

Sú hefð hefur skapast í Grunnskóla Raufarhafnar að halda 1. desember hátíðlegan. Um leið og fullveldinu er fagnað er haldið upp á *Dag íslenskrar tungu* og undirbúningur fyrir *Stóru upplestrarkeppnina* hefst.

1. desember hátíðin telst sem skóladagur á skóladagatali nemenda en hann flokkast sem einn af tíu sveigjanlegum dögum sem jafnframt eru óhefðbundnari og styttri en aðrir dagar

Árshátíðarsýning

Árshátíðarsýning Grunnskóla Raufarhafnar hefur fest sig í sessi sem einn stærsti menningarviðburður ársins hér á Raufarhöfn. Mikið er lagt í sýninguna og kappkostað við að hún verði sem glæsilegust. Frumsýning er yfirleitt síðasta föstudag fyrir páskafrí og svo er aukasýning eftir páskafrí.

Verkin sem sett hafa verið upp eru eftirfarandi:

- 2014 Galdrakallinn í Oz
- 2013 Óvitar
- 2012 Í teiti hjá prinsessunni á bauninni
- 2011 Skilaboðaskjóðan
- 2010 Emil í Kattholti
- 2009 Kardimommubærinn

Danmerkurferð

Sú hefð hefur skapast í skólanum að senda elstu nemendur skólans til Danmerkur u.þ.b. annað hvert ár. Einn kennari og eitt foreldri fylgja hópnum í ferðinni, en það er foreldrafélagið Velvakandi sem greiðir allan kostnað við ferðina. Ferðirnar eru ávallt skemmtilegar og er þeim ætlað að kveikja áhuga nemenda á danskri tungu og menningu.

Dillidagar

Október og febrúar eru Dillidagsmánuðir. Á Dillidögum gera nemendur, foreldrar og umsjónarkennari eitthvað skemmtilegt saman til að styrkja hópinn, efla tengsl heimilis og skóla og gefa foreldrum innsýn í skólastarfið. Dillidagar fara fram síðdegis eða um helgi.

Dillidagar teljast sem skóladagar á skóladagatali nemenda en þeir flokkast sem einn af tíu sveigjanlegum dögum sem jafnframt eru óhefðbundnari og styttri en aðrir dagar.

Grænir dagar

Á *Grænum degi vorsins* halda nemendur og kennarar saman að loknum skóladegi í kartöflugarð skólans og setja niður kartöflur fyrir mótuneytið. Oft slást foreldrar í hópinn.

Á *Grænum degi haustsins* eru kartöflurnar svo teknar upp og þær færðar í skólann þar sem þær eru borðaðar langt fram eftir vetri. Með þessu nær skólinn að mestu leyti að sjá sjálfum sér fyrir kartöflum.

Á grænu dögum er einnig notað tækifærið og rætt um umhverfismennt við nemendur og mikilvægi þess að halda jörðinni okkar hreinni.

Grænir dagar teljast sem skóladagar á skóladagatali nemenda en þeir flokkast sem einn af tíu sveigjanlegum dögum sem jafnframt eru óhefðbundnari og styttri en aðrir dagar.

6.2 Nemenda- og ungmennaráð

Við skólann er ekki starfandi nemenda- og ungmennaráð sökum aldurs og fárra nemenda en þau eru frá 3.-5. bekk og einn nemandi í 9. bekk.

6.3 Félagsmiðstöðin Blik

Félagsmiðstöðin Blik hefur haft aðstöðu í húsnæði skólans frá því haustið 2010 en þangað til var hún rekin á hinum ýmsu stöðum í bænum, síðast í Breiðabliki. Að jafnaði er opið í Bliki einu sinni í viku, á föstudögum, en opnunartímar eru auglýsir fyrir hvern föstudag. Blik rekur starf fyrir nemendur á öllum aldri. Ábyrgð á rekstri Bliks er í höndum tómstunda- og æskulýðsfulltrúa Norðurbings.